



CERAMIZER®

FYRIR VÉLAR



Leiðbeiningar til notkunar á vélar

CERAMIZER® er ætlað til notkunar á bíl-vélar, hvort sem þær eru bensín-, metan- eða díselknúnar. Efnid endurbyggir slitfleti vélar innar á milli tveggja málmhluta.

Rétt notkun á Ceramizer® skilar sér fljótt og vel í meira afli vegna aukinnar þjöppu í öllum strokkum vélarinnar. Um leið minnkar eldsneytiseyðsla, auk þess sem dregur úr titringi og hávaða frá vél, útblástur minnkar og líftími vélarinnar lengist. Ceramizer® stíflar hvorki olíusúr né olíurör vegna þess hve agnir í efninu eru smáar.

Ceramizer® hefur engin áhrif á smurolúna, sem viðheldur smurhæfni sinni að fullu. Olían er hins vegar notuð til að flytja efnið um vélina og koma því fyrir á þeim stöðum þar sem mest er þörf fyrir það.

Ceramizer® byggir upp slitfleti vélarinnar á meðan hún er í notkun og án þess að taka þurfi neitt í sundur. Málmríkt keramíkið hefur einstaka eiginleika og þekur alla snúningsfleti vélarinnar, einkum þá sem eru tærðir, og endurskapar þannig upprunalega áferð þeirra og minnkar allt viðnám í vélinni. Slíkt leiðir til léttari vélargangs, meira aflds og minni eldsneytiseyðslu. Efnid er því fljótt að borga sig upp í minna viðhaldi og lægri eldsneytisútgjöldum. Ceramizer endist í allt að 70.000 km.

Kílómetraaða	Smurolíumagn í vél	2–8 lítrar	9–16 lítrar
	5.000 til 50.000 km	1/2 skammtur	1 skammtur
	50.000 til 300.000 km	1 skammtur	2 skammtar
	yfir 300.000 km	2 skammtar	3 skammtar



1. HITID UPP VÉLINA



2. DREPIÐ Á VÉLINNI OG SETJIÐ CERAMIZER Í SMUROLÍUNA



3. RÆSIÐ VÉLINA



4. FORÐIST HRAÐAKSTUR OG HÁAN SNÚNING NÆSTU 200 KM



5. SKIPTIÐ EKKI UM SMUROLÍU NÆSTU 1500 KM

Fyrir frekari upplýsingar og fyrirspurnir...



ceramizer@islandia.is



www.ceramizer.is



Cermaizer á Íslandi



Bæklingur á vefsíðu



Ceramizer á Íslandi

EFNISUPPLÝSINGAR

1. Ceramizer® hentar fyrir allar tegundir smurolía og véla, hvort sem um er að ræða bensín- eða díselvélar, með eða án túrbínu eða hvarfakúts.

2. Ef notað er minna af Ceramizer® en ráðlagt er í neðangreindri töflu má reikna með minni árangri.

3. Ef notað er meira af Ceramizer® en ráðlagt er þá hefur það engar neikvæðar hliðarverkanir.

4. Á meðan efnið er að virka er áriðandi að skipta ekki um olíu 1500 km eftir að efnið er sett á vélina. Eftir það er mælt með að skipta eftir hefðbundnu olíuskiptum.

5. Ceramizer® er notað sem fyrirbyggjandi efni til að minnka viðnám slitflata og lengir þannig líftíma vélarinnar.

6. Ceramizer hefur engin áhrif á olíuleka, gúmmí eða plasthluti í vélinni.

7. Þegar um er að ræða mikið keyrða bíla, eða vélar sem brenna olíu, er betra að setja tvöfaldan ráðlagðan skammt (sjá töflu) eða fleiri á vélina. Setjið fyrst einn skammt og síðan annan eftir 500 km akstur. Þetta má endurtaka með fleiri skömmtum.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

1. Hitið vélina upp í eðlilegan vinnuhita (80–90 °C) með því að keyra bílinn í umb tíu mínútur eða láta vélina ganga korter í lausagangi.

2. Drepið á vélinni

3. Losið olíulokið af vélinni og sprautið efninu inn í hana.

4. Setjið olíulokið aftur á vélina

5. Ræsið vélina og látið hana ganga korter í lausagangi.

6. Akið rólega næstu 200 km og forðist að láta vélina fara yfir 2700 snúninga. Lægri snúningur þýðir meira viðnám og hraðari upp byggingu keramíkefnisins

7. Í stað 200 km aksturs má láta vélina ganga fjórar klukkustundir í lausagangi, en einn tími í lausagangi samsvarar 50 km af hefðbundnum akstri, ekki nauðsynlegt í einni adrennu.

8. Eftir að 200 km akstri er náð má aka á þeim hraða og snúningi sem hentar. Ceramizer®-efnið hefur náð að dreifa sér um vélina og heldur áfram að byggja hana upp næstu 1500 km, en á þeim tíma má hins vegar ekki skipta um smurolíu.

ATHUGASEMDIR:

1. Ef teflon eða mólýbenefni hafa áður verið sett í smurolíu vélarinnar er ráðlegt að skipta olíunni út og hreinsa smurkerfið áður en meðhöndlun með Ceramizer® efninu hefst. Annars er hætt við að árangur verði ekki ásættanlegur.

2. Ef skemmdir eru á vélinni (t.d. brotnir stimpilhringir, óþéttr ventlar eða mikið rispaðir stimplar) þá er nauðsynlegt að laga þær áður en Ceramizer®-efnið er sett á vélina.

3. Ef vélin er útbúin miðflotta olíusíu er nauðsynlegt að hreinsa hana áður en efnið er sett á vélina.